



Fyrirspurn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða um eftirlit með hávaða í miðborginni - Ítrekun

Bréf: t-póstur

Málsnúmer: 2020010379

Málalyklar: 0.6.1 Nefndir, ráð og stjórnir borgarstofnana/-fyrirtækj

Eigandi skjals: Hera Elfarsdóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 29.04.2020

Dagsetning skjals: 29.04.2020

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: Heimir.Snaer.Gudmundsson@reykjavik.is

Notandi: Heimir.Snaer.Gudmundsson@reykjavik.is

Dagsetning: 29.4.2020 12:12:53

Til: "Heilbrigðiseftirlit" <heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is>

Afrit til: "USK Þjónustu netfang" <usk@reykjavik.is>, "María Nielsdóttir" <maria.nielsdottir@reykjavik.is>

Efni: Fyrirspurn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða um eftirlit með hávaða í miðborginni

Tilvísun í mál: R20010376

Með kveðju

Heimir Snær Guðmundsson

Starfsmaður íbúaráða

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar/

Reykjavík's office of Human Rights and democracy

Ráðhús Reykjavíkur/Reykjavík City Hall

Netfang/Email: Heimir.Snaer.Gudmundsson@reykjavik.is

Sími/Tel: +354 665 4855

Reykjavík, 29. apríl

2020

R20010376

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Skúlagötu 19

101 REYKJAVÍK

Efni:

Fyrirspurn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða um eftirlit með hávaða í miðborginni

Þann 29. janúar 2020 var eftirfarandi bréf sent á umhverfis- og skipulagssvið, hugsanlega hefur bréfið ekki borist áfram til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Fyrirspurn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða er hér með komið á framfæri.

Á fundi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða 28. janúar 2020 lagði ráðið fram svohljóðandi fyrirspurn sbr. 19. lið fundargerðar s.d:

Á síðustu tveim til þremur áratugum hefur veitingastöðum sem hafa opið fram eftir nóttu fjölgað í miðborginni og dæmi eru um að fólk hafi flutt burt vegna ónæðis frá þeim þar sem þeir eru nærri íbúabyggð. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur á að hafa eftirlit með þessum málum og gott væri að fá svör við eftirfarandi spurningum: Með hvaða hætti eru samskipti lögreglu og heilbrigðiseftirlitsins? Nýlega keypti Reykjavíkurborg mæla til að mæla hávaða til heilbrigðiseftirlitsins? Hvar hafa þeir verið notaðir? Og hvað kom útúr mælingum? Í 4. gr. lögreglusamþykktar er ákvæði sem á að tryggja borgurunum næturró. Eru dæmi um að staðir hafi verið sviptir veitingaleyfi eða ekki fengið þau framlengd vegna ítrekaðra brota á þessu ákvæði? Hvaða kröfur eru gerðar til hljóðvistar veitingahúsa sem hafa leyfi til skemmtanahalds fram á nótt og leika tónlist? Hver er skilgreind ábyrgð veitingahúsa eigenda af ónæði vegna gesta utandyra við stað sinn?

Vísað til heilbrigðiseftirlits og umhverfis- og skipulagssviðs.

Með kveðju

Heimir Snær Guðmundsson, starfsmaður íbúaráð

Afrit:

Umhverfis- og skipulagssvið



Íbúaráð Miðborgar og Hlíða
bt. Heimir Snær Guðmundsson,,
Laugavegi 77
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 22. maí 2020
Tilvísun: 2020010379/0.6.1

Efni: Svar vegna fyrirspurnar íbúaráðs Miðborgar og Hlíða um eftirlit með hávaða í miðborginni

Með hvaða hætti eru samskipti lögreglu og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) og kemur lögreglan upplýsingum um kvartanir vegna hávaða til heilbrigðiseftirlitsins?

Samskipti HER og lögreglu vegna hávaðamála hafa ekki verið mikil, það hefur helst verið í tengslum við stórtónleika og stærri viðburði.

Við rannsókn mála vegna ónæðis og hávaða vegna starfsemi veitingastaða hefur HER leitað eftir upplýsingum frá lögreglu um fjölda skráðra kvartana og fjölda kvartana sem lögreglan hefur staðfest.

Lögreglan hefur ekki haft frumkvæði að því að koma slíkum upplýsingum til HER.

Hvar hafa mælar verið notaðir?

Mælar hafa verið settir upp til að fylgjast með hljóðstigi á 9 krám og skemmtistöðum í miðbæ Reykjavíkur, bæði í Kvosinni og upp með Laugavegi. Þá hafa mælarnir verið notaði á 7 útihátíðum í Reykjavík.

Hvað kom út úr mælingum?

EKKI var gerð athugasemd við hljóðstigið á 5 stöðum. Gerðar voru athugasemdir við bæði hljóðstig og tímalengd skemmtanahalds á 4 stöðum.

Eru dæmi um að veitingastaðir hafi verið sviptir leyfi eða þeir ekki fengið endurnýjun vegna ítrekaðra brota 4. greinar lögreglusamþykktar?

HER er ekki kunnugt um dæmi þess að veitingastaðir hafi verið sviptir leyfi eða þeir ekki fengið endurnýjun vegna ítrekaðra brota 4. greinar lögreglusamþykktar, enda er það lögreglu að framfylgja ákvæðum lögreglusamþykktar. Þessi fyrirspurn ætti því heima hjá útgefanda rekstrarleyfa sem er Sýslumaðurinn á Höfuðborgarsvæðinu. Það hefur ekki komið til þess að HER hafi svipt veitingastaði starfsleyfi vegna ítrekaðra brota eða kvartana um hávaða.

Hvaða kröfur eru gerðar til hljóðvistar veitingahúsa sem hafa leyfi til skemmtanahalds fram á nótt og tónlist?

Til allra staða er gerð sú krafa að þeir fari eftir reglugerð nr. 724/2008 um hávaða þ.m.t. ákvæði um hljóðstig inn á staðnum og jafnframt að þeir valdi ekki ónæði með starfsemi sinni. Gert er ráð fyrir að í spurningu sé sérstaklega átt við skemmtistaði þar sem leikin er hávær

danstónlist en ekki krár með lágstemmdri tónlist. Gerð er sú krafa á skemmtistaði að þeir skili inn hljóðvistaraskýrslu fyrir staðinn annað hvort þegar eru að sækja um endurnýjun rekstrarleyfis eða nýtt starfsleyfi. Þar þarf að koma fram að húsnæðið staðarins henti fyrir starfsemina og að hávaði frá staðnum sé innan ákvæða reglugerðarinnar. Byggingafulltrúi fer yfir hljóðvistaraskýrslur og gerir athugasemdir ef einhverjar eru.

Hver er skilgreind ábyrgð veitingahúsaeygenda af ónæði vegna gesta utan við staðinn?

Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða skv. 8 gr. reglugerðar 724/2008 um hávaða.

Ábyrgð veitingahúsa vegna gesta utan staðanna er ekki skilgreind og segjast rekstraraðilar veitingahúsanna ekki geta borið ábyrgð á gestum fyrir utan þar sem að hver sem er getur verið fyrir utan staðinn þ.e. þarf ekki að vera gestur.

Opnunartími staða er ákvarðaður af borgarráði og er ekki hluti af starfsleyfisskilyrðum HER.

Rekstraraðilar sem vilja halda útiviðburð þurfa að sækja um afnotaleyfi á borgarlandi. Í skilmálum þeirra leyfa eru gerðar kröfur meðal annars um umgengni, tímalengd og frágang svæðisins að loknum viðburði. Nokkuð skýr viðurlög eru til staðar ef rekstraraðili veldur tjóni á borgarlandi en engin sérstök viðurlög eru til staðar ef tímalengd eða hávaðamörk eru ekki virt. Almennt er ekki óskað eftir umsögn HER vegna viðburða nema ef um tækifærisleyfi eða tímabundið áfengisleyfi er að ræða og þá óskar sýslumaður eftir umsögn HER.

Virðingarfyllt
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur


Óskar J. Sigurðsson
deildarstjóri